

REGLUR

um leigukjör á loftskeytastöðvum, sem landssíminn lætur á leigu í íslensk skip, sem eru skyld að hafa loftskeytastöð, sbr. lög nr. 31 1. febrúar 1936.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá loftskeytastöð í íslenskt skip, samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, sendi skriflega umsókn til landssíma- stjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki, efni í loftnet, 1 varalanpa af hverri tegund, svo og vinnu við rafmagnsuppsetningu, en leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri spennu og nægilegri orku sé fyrir hendi og leitt inn í loftskeytaklefa, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Leigutaki leggur ennfremur til kaðal til þess að draga upp loftnet og blakkir fyrir það o. þvíl.

Leigutíminn er minnst 3 ár í senn, og ber leigutaka að hafa fullkominn loftskeytamann, sem landssíminn tekur gildan, til þess að starfrækja stöðvarnar og sjá um, að þær séu vel hirtar eða vel geymdar.

Leigutaki greiði fyrir gerð A 300 kr. í stofngjald og 270 kr. í leigu hvern ársfj., en fyrir gerð B 500 kr. í stofngjald og 350 kr. í leigu hvern ársfj.

Stofngjald greiðist áður en uppsetning fer fram og leigan ársfjórðungslega fyrirfram. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

Landssíminn annast viðhald sendi- og móttökutækjanna, að undanskildu viðhaldi loftnets, viðtökulampa, rafhlaðna og rafgeyma fyrir viðtækið, en það annast leigutaki. Gjaldið fyrir hina árlegu loftskeytastöðvarskoðun er innifalið í framangreindri leigu.

3. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa stöðina váttryggða á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni:

Gerð A fyrir kr. 8000,00,
gerð B fyrir kr. 10500,00,

og ber honum að greiða landssímanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins.

4. gr.

Loftskeytastöð af gerð A felur í sér:

1 lampasendi með ca. 250 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tónmótaðar öldur á öllum öldulengdum milli 600 og 800 m. Með sendinum fylgir mótör-rafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill.

1 viðtæki, sem tekur bæði við tónmótudum og ómótudum raföldum á öllum öldulengdum milli 15 og 20000 m. Það hefir 2 hátíðni-hlífigrindarlampa, skynjara og pentóðu-lágtíðnismagnara. Tækið hefir fast innbyggðar spólur og er skipt milli mismunandi öldusviðs með einu handfangi. Auk þess hefir viðtækið krystal-skynjara og tónsuðara.

Með stöðinni fylgja auk loftnets venjulegir varahlutir, svo sem kolaburstar til mótör-rafals, lykissnertur, öryggi, einn varalampi af hverri tegund.

Loftskeytastöð af gerð B felur í sér:

1 lampasendi með ca. 250 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 600—800 m. Með sendinum fylgir mótör-rafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill.

1 lampasendi fyrir stuttbylgjur með 300 watta sendilampa, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 18 og 54 m. Sendirinn á að notast í sambandi við áður nefndan langbylgjusendi og notar sömu hjálpartæki.

1 viðtæki samskonar og lýst er í gerð A.

Varahlutir, sbr. gerð A.

5. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem landssiminn lætur þannig á leigu, eru að sjálf-sögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um loftskeytastöðvar og rekstur þeirra.

6. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssiminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, um loftskeytastöðvar í íslenskum skipum.

Póst- og simamálastjórnin, 30. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 29. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

1. gr.

Aftan við 2. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ef síldarútvegsnefnd óskar, er matstjóra heimilt við mat á síld veiddri á árinu 1939 að brennimerkja ekki síldartunnurnar með gæðaflokksmerkjum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. ágúst 1939.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.